

Við þurfum aukið samtal fagfélaga!

Pétur Heimisson

heimilislæknir
framkvæmdastjóri lækninga
Heilbrigðisstofnun Austurlands



petur@hsa.is

Í umræðu um heilbrigðisþjónustu er oftast skýr áhersla á að hún skuli vera aðgengileg, óháð til dæmis efnahag, menntun, starfi og búsetu og almenn sátt virðist um að hún greiðist af skattfé að stærstum hluta. Fólk gerir því ekki bara kröfu um mestu gæði, heldur líka jöfnuð og réttlæti eins og mögulegt er.

Mér finnast lög um heilbrigðisþjónustu og lög um réttindi sjúklinga fanga þetta að miklu leyti og nýsamþykkt heilbrigðisstefna bæta um betur. Um margt hefur tekist vel og við eigum gott heilbrigðiskerfi en samt er það og verður margt sem þarf að bæta. Það er meðal annars og ekki síst vegna nýrra aðstæðna og þarfa þeirra sem kerfið á að þjóna, einstaklinga og samfélags, og líka sífella áskorana við að fá fagfólk til starfa. Lýðheilsuvísar landlæknis sýna að eitt af því sem þarf að bæta er einmitt það sem við viljum væntanlega öll tryggja: sem best, jafnast og réttlátast aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu.

Að laga heilbrigðisþjónustuna að þörfum einstaklinga og samfélags hlýtur að vera fyrsta og æðsta skylda, ekki bara þjóðkjörinna fulltrúa, heldur okkar allra og ekki síst okkar sem störfum við þjónustuna. Talsverð heilbrigðisþjónustur er

innan einstakra fagstétta, sem er jákvætt, en þar er hún stundum í lokuðum hópum skoðanasystkina og því er hætt á að hún litist af stéttlægum forsendum og í versta falli hagsmunagæslu. Að skoða mál ekki bara af sjónarhóli einnar stéttar, heldur margra samtímis (þverfaglega), eykur líkur á að fram komi sjónarmið allra í þjónustuteyminu, hinu virka afli nútíma heilbrigðisþjónustu. Það stuðlar að vísýni og er því líklegt til að hafa jákvæð áhrif á þróun þjónustu og ekki síst að hún veitist á forsendum þeirra sem hana þurfa og eru í raun eigendur hennar, okkar, fólksins í landinu.

Með nýrri heilbrigðisstefnu til 2030 færi vel á því að fag- og stéttarfélög heilbrigðisstarfsfólks tækju upp reglulegt samráð og samvinnu sín á milli. Það væri sterkt svar við þeirri áherslu sem stefnan leggur á samstarf og þverfaglega teymisvinnu, til að tryggja gæði og samfellu í þjónustu. Með slíku samráði félaganna yrði til breiður samræðuvettvangur fagfólks sem á það sameiginlegt að vilja veita aðgengilega og sjúklingamiðaða gæðþjónustu. Það væri líka í takt við hið mikla samráð fagfólks á mörgum stofnunum og á milli stofnana sem þegar á sér stað og byggir á gagnkvæmri virðingu og þverfaglegri nálgun. Það yrði þessu fagfólki styrkur ef félögin að baki því ættu í hliðstæðu samtali og um leið þarft innlegg í heilbrigðisþjónustu umræðu og ákvarðanatöku. Í besta falli yrði til þverfaglegur akademískur vettvangur, samhliða nauðsynlegri kjarabaráttu hversrar stéttar fyrir sig, trúverðug rödd við mótun heilbrigðiskerfis og þjónustu.

Hvað finnst þér?

ÁRSHÁTÍÐ

LÆKNAFÉLAGS

ÍSLANDS 2020



Gullhömrum, laugardaginn 25. janúar!

Takið daginn frá

nefndin